

12/1 "73

~~Skógarvarðing~~ ~~Skógarvarðing~~

Á R S S K Ý R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1972.

Veðráttta: Snjóléttur vetur frá áramótum og jörð klakalaus að kalla.

Voraði fljótt og vel. Frá sumarmálum fram til ágústloka fraus aldrei svo tjón yrði að. Júnímánuður var þó kaldur, og gras og trjávöxtur ekki mikill. Júlímánuður var mjög úrkomusamur, allt til mánaðamóta ágúst, en þá gerði 10 daga blífviðri sem allir nutu góðs af sem rækta tré og jurtir.

Eftir þessa 10 daga brá aftur til úrkomu og hélzt látlæs rigning fram í nóvember, en eftir það skiptust á krapahúðar og rigningar allt til ármóta.

Þrátt fyrir lágt hitastig er þetta gott árferði og það sem öllu bjargaði var klakalaus jörð og góð tíð í maí.

Vöxtur trjáa: Skógur laufaðist upp úr 15. maí og er það mikið fyrr en undanfarin ár.

Vöxtur á greni og furu var allgóður í sumar en þó ekki betri en oft undanfarin sumur. Áföll urðu engin á plöntum og áberandi var hve gróðursetning heppnaðist vel einkum það sem gróðursett var í mestu rigningunum í byrjun júlí.

Yfirleitt er ekki ástæða til svartsýni í skógræktarmálum eftir þetta ár. Það er bjart yfir þegar litið er á heildina á þessum slóðum, enda allir hættir að efast um að skógur geti þrifist allvíða á Íslandi. Fræfall var með eindæmum mikið, hefur aldrei sézt svo mikið áður. Eftir að snjór kom á jörð í haust mátti víða sjá mórauða flekki á snjónum af birkifræi. Þetta mikla fræfall náði jafnt í útjaðra birkikjarrsins upp til fjalla og á stórum birki sem lifir við betri skilyrði. Því miður var tíðin í haust svo vond, eilífar úrkomur, að ekki var gerlegt að safna birki ^{fræi} að nokkru ráði.

Starfsfólk: Í fyrri skýrslum hef ég greint frá því, að langmest af þeim vinnukrafti sem fánlegur er í skógræktarvinnu eru unglingar. Fullorðin fólk fær bæði betur greidda vinnu við önnur störf, og umfram allt tryggari atvinnu.

Það er sannfæring mín að ríkisvaldið á að efla skógræktina margfalt frá því sem nú er með auknum fjárframlögum og skipuleggja unglingavinnu í því sambandi við skógræktarvinnu. Fyrr eða síðar kemur að þeirri staðreynd að þess verður krafist af

ríkisvaldinu að unglíngavinna verði til staðar og hvaða vinna væri jafn kjörin til að fullnægja vinnuþörf unglínganna eins og skógræktarvinna.

Girðingar: Að þessu sinni var lítið unnið við nýjar girðingar. Þó var stækkaður Systkinareitur í Reykholti og nemur sú stækkun 1 km. að vegarlengd, og lætur nærri að 12 ha. lands bætist við eldri girðinguna. Þetta land er í Grímsstaðalandi sem er áfast við Reykholtisland. Jarðvegur þarna er góður og má gróðursetja í allt landið úrtökulaust að kalla. Girðingin er girt úr nýju efni og vönduð að frágangi. Mikill fengur er að þessari stækkun og stækkar nú óðum framtíðar skógræktarland í nágrenni Reykholts.

Páll Einarsson frá Reykholti var aðalhvatamaður þessarar framkvæmdar og sá um útvegum á þessu nýja viðbótarlandi.

Þá voru nokkrar endurbætur framkvæmdar á eldri girðingum. Stór skriða féll á Hreimstaðagirðingu og gróf girðinguna gjör-samlega á nálega 100 m. vegalengd. Var það endurbætt strax.

Sauðhússkógargirðing hefur samkvæmt samningi verið leifð starfsmönnum vegagerðar til afnota á þann hátt að þeir hafa fengið að reisa smáhýsi í útjaðri Sauðhússkógar, en til endurgjalds áttu þeir að sjá um viðhald og endurbætur á girðingunni, alla vinnu, en Skógrækt ríkisins leggur til girðingarefni.

Mér var af hálfu skógræktarstjóra falið að hafa umsjón með þessu verki, en sjálfur annaðist hann þessa samningagerð.

Árið 1971 var hafist handa um endurbætur á kafla girðingarinnar og ákveðið að fræmkvæma verkið í áföngum, lagfæra alla girðinguna á 2 til 3 áumrum.

Gljúfurá rennur meðfram Sauðhússkógi og hefur valdið miklum skemmdum oft á tíðum að vetrarlagi, með jakaburði. Í þetta sinn reyndist áin erfið og skemmdi nýviðgerðan kafla. Í vor fór ég til fundar við vegagerðarmenn og lagði á ráðin hvað gera þyrfti, og þar sem þeir höfðu ráð á léttum jarðýtum taldi ég sjálfsagt að ýta upp varnargarði á 50 til 100 m. kafla sem jafnframt yrði notaður sem girðingarstæði. Ennfremur vísaði ég þeim á girðingar-efni hjá Kristni Skæringssyni, skógarverði, og lét hann jafnframt vita um þessa ráðstöfun. En nú bregður svo við að Vegagerðarmenn hafa ekkert gert í sumar, og fór ég í Sauðhússkóg seinustu daga

októbermánaðar til að athuga þetta og ekkert hefur verið gert. Eg tel samning hafa verið brotinn með þessu framferði, og greini frá þessu máli hér með.

Skógarhögg - grisjun: Haldið var áfram grisjun í Norðtunguskógi enn fremur við Hreðavatn. Það endurtekur sig ávallt sama sagan, að grisjun ofan af eldri gróðursetningu gengur of hægt og í mörgum tilfellum er of fyrirhafnarsamt að nota í þau verk vélsagirnar. Nú eru margar girðingar sem bíða eftir grisjun og næsta sumar verður að gera allverulegt átak í grisjunarmálum.

Að þessu sinni voru felld 270 jólatré við Hreðavatn og voru þau send til Reykjavíkur til sölu þar.

Á næsta ári mun hægt að fella 500 til 700 jólatré ef hægt er að bera áburð að trjánum á réttum tíma og áburðartegund sem hentar, en um þessi atriði fást vonandi upplýsingar í tæka tíð frá tilrauna-stöðinni.

Áburðagjöf: var framkvæmd í sumar bæði í Jafnaskarðsskógi, Norðtunguskógi og í Síðumúlagirðingu, og þar var einnig sáð grasfræi í örfoka land. Góður árangur hefur einnig náðst í Melsgirðingu í Hraunhrepp, en þar var sáð grasfræi og borið á örfoka land bæði í fyrra og einnig í sumar. Er þegar búið að græða mikið af örfoka landi í Melsgirðingu og verður væntanlega hægt að gróðursetja trjáplöntur í landið á næstu árum.

Haldið var áfram að sá lúpínu og færa út lúpínuhausa í blásna mela og börð.

Græðireitur: Dreifsettar voru í græðireit:

Rauðgreni	Tumastaðir	15.000	
Siktagreni	"	10.000	
Stafafura	"	15.000	
Lerki	"	1.200	
Birki	Hallormsst.	10.000	
Reyniviður	"	1.200	
Viðja stíkl.	Norðtungusk.	3.000	
Gulvíðir sikt.	"	1.000	} 4.000
Asparstíkl.	"	500	

Samtals 56.900

Úr reitnum komu til gróðursetningar á þessu ári :

Viðja	2/0	5.000
Ösp	2/0	200
Birki		7.000
Rauðgreni		12.000
Stafafura		1.000
		<hr/>
Samt.		25.200

Í græðireitinn var borið mikið af mómoldá þann hlutann er dreifsettur var í vor.

Gróðursetning á vegum Skógræktar ríkisins 1972:

Norðtunguskógur:

Rauðgreni	2/3	B-665 trysil	7.000	✓	Tumast.	
"	2/3	Namdál	8.000	✓	Norðt.	
"	2/2		1.200	✓	Norðt.	16.000 46200
Stafafura	2/2	B-711 Skagway	9.000	✓	Tumast.	
"	2/3	Fort	1.000	✓	Norðt.	
Lerki			150	✓	Hall.	
			<hr/>			
Samt.			26.350			

Jafnaskarðsg.:

Rauðgreni		4.000	✓	Fossv.
-----------	--	-------	---	--------

Melsgirðing:

Stafafura		3.000	✓
-----------	--	-------	---

Arnbjargarlækjarg.:

Stafafura		3.000	✓
-----------	--	-------	---

Siktagreni		1.000	✓
------------	--	-------	---

Síðumúlagirð.:

Birki	2/0	4.000	✓	Vagl.
-------	-----	-------	---	-------

Birki	1/1	1.000	✓	Norð.
-------	-----	-------	---	-------

Gilsbakkag.:

Rauðgreni		3.500	✓
-----------	--	-------	---

Ímsar teg.		500	✓	Norðt.
------------	--	-----	---	--------

Umhverfis græðireit Norðt.

Viðja		2.000	✓	Norðt.
-------	--	-------	---	--------

Birki	1/2	2.000	✓	N.
-------	-----	-------	---	----

Alls hefur verið gróðursett 50.350 plöntur.

Auk þess hafa félagasamtök og einstaklingar gróðursett all-
verulegt magn af plöntum undir minni umsjá, og þegar nauðsyn
krefur að gróðursetning sé framkvæmd á vissum tíma er oft erfitt
að sinna öllum á svo stuttum tíma.

Ferðalög: Var fjarverandi í erindum Skógræktarinnar röska 200
daga á árinum sem er að líða.

Langflesta dagana dvel ég með fólkinu vor og sumar, sem hefur
bækistöð í Norðtunguskógi, en fer þaðan vítt og breitt um héraðið
til vinnu. Skógræktarvinna er ekki staðbundin sökum þess að
girðingar og gróðurreitir eru mjög margir og því í mörg horn að
líta.

Margir þurfa á þmiskonar fyrirgræðslu að halda í sambandi
við skógræktarmál og er þetta mjög eðlilegt þar sem gróðursetning
trjáplantna og skógrækt öll er mjög fjarri Íslendingum, þeir
kundu ekki til þeirra verka allt fram á síðustu ár.

Hinsvegar hefur allverulegur árangur náðst allra seinustu
ár, en sá árangur hefur náðst fyrir þrotlaust starf og leið-
beiningar þeirra manna sem að þessum málum vinna.

Fyrir 32 árum þegar ég tók hér við skógarverðarvinnu
var hvergi til skógræktargirðing í öllu umdæmi mínu hér við
Faxaflóa og Breiðafjörð, nema litli græðireiturinn við Háafell
í Skorradal.

Eru það mikil undur þótt einn maður á jafnstóru svæði og
hér um ræðir þurfi stundum að hreyfa sig?

Helztu ferðalög utan daglegra vinnu við starfið almennt,
eru þessar:

12. og 13. jan. fór ég til Reykjavíkur til fundar við
Skógræktarstjóra. Frá 24.febr. til 3.marz var ég á Skógar-
verðafundi í Reykjavík. 7. og 8. maí sat ég Ferðamálaráðstefnu,
sem haldin var í Borgarnesi. Sat ég ráðstefnuna samkvæmt
beiðni Skógræktarstjóra. Á tímabilinu 6. til 7. og 13. jún.
var Haukur Ragnarsson tilraunastjóri við skjólbelterækt á
Hvanneyri og víðar, fékk Haukur verkafólk úr Norðtunguskógi.
Flutti ég fólk á vinnustað og stundum sótti ég það einnig.

En þessar mundir fór ég með Skógræktarstjóra og fleirum
að Litla-Fjalli til að skoða skógræktarland.

12. jún. var ég við gróðursetningu hjá kvennaskólanum að
Varmalandi. Allar námsmeyjar tóku þátt í þessum leiðbeiningum
í gróðursetningu og er það fastur þáttur í skólanámi við

Varmalandsskóla, að námsmeyjar læri að gróðursetja plöntur. 14. júl. fór ég í Laugaskóla í Dalasýslu og kenndi þar um 40 nemendum gróðursetningu. 17. júl. mældi ég út lóð á Dömp fyrir Böðvar Pétursson kennara úr Reykjavík, er það gert samkvæmt fyrirætlum Skógræktarstjóra.

Þetta er í þriðja skiptið á þessu ári sem ég er kallaður að Dömp vegna ofangreinds lóðamáls. 11-12-13-14. júl. var Snorri Sigurðsson erindreki Skógræktarfélag. Íslands á eftirlitsferð um héraðið og samkvæmt ósk hans var ég með honum í þessum ferðalögum, sem fylgdarmaður.

27-28-29-30. ágúst fór ég til Hornafjarðar og þaðan að Hallormsstað ásamt Skógræktarstjóra, skógarvörðum og öðrum starfsmönnum skógræktarinnar.

Var skógarvarðarfundur ahaldinn að Hallormsstað og skógræktarfrankvæmdir skoðaðar þar. 5.-6. sept. fór ég að Skógum í Þorskafirði og athugaði girðinguna þar. Allt er í niðurnýðslu, girðingunni ekki haldið við, grísjunarfrankvæmdir engar, gróðursetning engin, umsjón með staðnum engin af hálfu þeirra sem telja sig eiga Skóga.

Mitt fyrsta verk var að fá valinkunnan girðingarmann til að smala girðinguna og gera við hana. Það gengur ekki lengur að láta trúarsöfnuð Bahi-ista hafa umráð yfir girðingunni. Samkvæmt landslögum á Skógrækt ríkisins girðinguna, og það er krafa mín sem skógarvarðar að gengið verði hreint til verks. Skógræktargirðingin í Skógum verði tekin af ofangreindum söfnuði, yfir á hendur Skógræktar ríkisins til fullra umráða.

Á tímabilinu 27. sept. til 3. okt. var Haukur Ragnarsson tilraunastjóri ásamt aðstoðarmanni að gera vaxtarmælingar í Jafnaskarðsskógi ásamt fleiri athugunum.

Í sumar kom einnig Haukur Jörundsson ásamt aðstoðarmanni athugaði skóglendi í Borgarfirði. Hélt hann til í Norðtunguskógi um tíma.

Þetta er að ofangreininir, er aðeins brot af ferðalögum mínum, er ég verð að ynna af höndum sem skógarvörður. Frá því um 20. maí og fram í miðjan september kemur nálega aldrei fyrir sú helgi að ég megi víkja mér frá skógræktarstörfum og eftirliti í skóglendum, sem nú fer hraðvaxandi sökum hins þrotlausa ferðamannastraums er leggur leiðir sínar um þessar slóðir.

Þótt fólk almennt viðurkenni að skógur geti þrífist allvíða á Íslandi, fer þeim því miður fjölgandi er sýna skógræktarmálum mikið tómlæti. Alvarlegur skortur er á landi til skógræktar, og er bændum oft ómaklega kennt um fastheldni á nothæft skógræktarland. Sannleikur mála er, að með tilkomu hinnar skefjalauslu ágengni ríkra kaupstaðarbúa og annara búleysingja í jarðeignir, á mestan þátt í landsskortri skógræktarinnar.

Það er staðreynd að í langflestum tilfellum, er þetta búlausu fólk fastheldnast á landið og það sem verra er að landið sem það nær yfirráðum á kemur oftast engum að gangi, er tekið frá landbúnaðinum og fæst ekki heldur til skógræktar.

Hér er alvörumál á ferðinni. Það vantar löggjöf í okkar landi um eignarrétt á landi. Sé land ekki skynsamlega hagnýtt til búskapar, á tvímælalaust að taka það undir umsjá ríkisins til skógræktar og annarra afnota sem kemur þjóðinni að varanlegu gagni.

Þakka samstarfið á liðnu ári

Á gamlársgagn 1972.
Daniel Kristjánsson